

segðu **JÁ** við líffæragjöf

Málþingið **LÍFFÆRI FYRIR LÍFIÐ** sem var haldið 6. mars sl. af SÍBS með Hjartaheill og Samtökum lungnasjúklinga ásamt Félagi nýrnasjúkra og Félagi lifrarsjúkra tókst einstaklega vel.

Fyrirlesarar voru:

- Runólfur Pálsson yfirlæknir nýrnalæknga á Landspítalanum
- Pål-Dag Line yfirlæknir líffæraflutninga á Háskólasjúkrahúsinu í Oslo
- Troels Normann Mathisen starfsmaður samtaka líffæraþega í Noregi

Í máli bæði Runólfs og Pål-Dag kom fram hve gífurlegur ávinningur það er fyrir þá sem þurfa á ígræddu líffæri að halda sem og samfélagið allt ef lög landsins gera ráð fyrir því að sá sem deyr vilji að líffæri hans séu notuð til lækninga annarrar manneskju.

Pål-Dag lýsti þeirri jákvæðu breytingu sem varð á viðhorfi almennings í Noregi í því að segja **JÁ** við líffæragjöf eftir að norskum lögum um brottmál líffæra var breytt úr ætlaðri neitun í ætlað samþykki. Ætlað samþykki gerir allar aðstæður miklu léttari bæði fyrir þá starfsmenn sjúkrahúsa sem koma að þessum málum sem og aðstandendur þess sem látinn er.

Samtök líffæraþega í Noregi vinna mikið starf og var einstaklega skemmtilegt og fróðlegt að heyra um það sem samtökin gera til þess að vekja fólk til vitundar um mikilvægi þess að segja **JÁ** við líffæragjöf.

Eftir fyrirlestrana voru fyrirspurnir og umræður og að lokum gengu gestir að glæsilegu kaffihlaðborði.

Fundarstjóri var Inga Lind Karlsdóttir.

Myndir verða settar á heimasíðuna.

Ábyrgðarmaður: Jórunn Sörensen

nyrað

FRÉTTABRÉF

2. tbl. 25. árg. mars 2012

Meðal efnis:

**AÐALFUNDUR
LÍFFÆRI FYRIR LÍFIÐ
HEIMSLEIKAR LÍFFÆRAÞEGA**



Hluti gesta á málþinginu **LÍFFÆRI FYRIR LÍFIÐ** 6. mars 2012

Félag nýrnasjúkra
Hátuni 10b 105 Reykjavík Sími 561 9244
netfang: nyra@nyra.is – vefsíða: nyra.is



Kæru félagar

Málþingið LÍFFÆRI FYRIR LÍFIÐ sem haldið var 6. mars sl. tókst einstaklega vel. Þetta málþing er síðasti atburðurinn tengdur 25-ára afmælisári félagsins. Fyrsti atburðurinn var málþing á Alþjóðlega nýrnadeginum 10. mars 2011. Í kjölfarið kom út veglegt afmælisblað með erindum málþingsins auk annars efnis. Á sjálfan afmælisdaginn 30. október sl. var síðan boðið til veislu þar sem nýragjöfum var veitt viðurkenning.

Hugmyndin að félagið héldi málþing um líffæraígræðslur kviknaði fyrir um það bil ári síðan og var leitað til Hjartaheilla og Samtaka lungnasjúklinga um samstarf þar sem málþingið skyldi einnig fjalla um aðrar líffæraígræðslur en nýraígræðslur. Í upphafi var ætlunin að málþingið yrði haldið sl. haust í tengslum við afmæli félagsins. Það tókst ekki og var ákveðið að fresta því fram yfir áramót. SÍBS kom að málinu og hélt Guðmundur Löve framkvæmdastjóri utan um starfið. Runólfur Pálsson yfirlæknir útvegaði norsku fyrirlesarana. Stjórn félagsins er öllum samstarfsmönnum sínum í þessu stóra verkefni ákaflega þakklát.

Allt þetta starf hefur skilað sér í fjölgun félaga sem er það besta sem stjórn félagsins getur óskað sér. Það er okkur sem störfum í stjórn félagsins ákaflega mikilvægt þegar fólk gengur í félagið því það sýnir okkur betur en margt annað að við erum á réttri leið. Enn frekari fjölgun félagsmanna er mikilvæg því stærra félag er sterkara félag.

Ég vil vekja sérstaka athygli á frétt á síðunni hér til hægri um heimsleika líffæraþega og skora á nýraþega að kynna sér málið.

Fréttabréfinu fylgir boð á aðalfund félagsins sem haldinn verður miðvikudaginn 28. mars nk. Það er mjög mikilvægt að sem flestir félagsmenn mæti á aðalfund og taki þátt í störfum félagsins. Stór hluti félagsmanna býr úti á landsbyggðinni og geta þeir félagar sem koma langt sótt um ferðastyrk á aðalfundinn.

Jórunn Sörensen

**MUNIÐ STYRKARSJÓÐ FÉLAGSINS
MEÐ ÞVÍ AÐ NOTA MINNINGARKORTIN OG HEILLASKEYTIN
STYRKIR ÞÚ NÝRNASJÚKA**

HEIMSLEIKAR LÍFFÆRAÞEGA

Heimsleikar líffæraþega verða haldnir í Durban í Suður Afríku dagana 28. júlí til 4. ágúst 2013

Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt er bent á að hafa samband við Kjartan Birgisson hjartaþega með tölvupósti á hjarta@hjartaheill.is

HREYFING ER MARGRA MEINA BÓT

Gerið gönguferðir, hjólaferðir, sund eða ferð í ræktina að reglu í lífi ykkar.

NÝRAÞEGAR – KÍKIÐ Á SÓLVARNARBIRGÐIRNAR

Nú hækkar sólin hratt á lofti og rétt að kaupa nýja sólvörn. Notið sterkustu sólvörn sem fæst. Fólki með bælt ónæmiskerfi er enn hættara við að fá húðkrabbamein. Sortuæxli er dauðans alvara.

896-6129

STUÐNINGSSÍMINN ER ALLTAF OPINN

munið opið hús

á þriðjudögum frá klukkan 17 – 19 á 9. hæð í Hátúni 10b